


Hafnarfjarðarkaupstaður  
Berglind Guðmundsdóttir  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	27.03.2019
Málsnr:	1712136
Bréfal:	512

Reykjavík, 20. mars 2019

Tilvísun: 201903057/3.5

---

## Efni: Breyting á deiliskipulagi Höfðaskógur - Hvaleyrarvatn, lóð Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, Hafnarfjarðarkaupstaður

---

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur, með erindi dags. 13. mars 2019, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Höfðaskógur-Hvaleyrarvatn, lóð Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 26. febrúar 2019. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 12. mars 2019. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að lóð Skógræktarfélagssins er stækkuð í 31.384 m<sup>2</sup> og byggingarreitum er fjölgað, gerð er grein fyrir stærð byggingarreita. Jafnframt er gerð ráð fyrir efnis- og áhaldageymslusvæði.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000, dags. 10. desember 2018. Jafnframt fylgdi skýringarmynd í mkv. 1:1000, dags. 10. desember 2018.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B- deild Stjórnartíðinda þar sem ekki eru tilgreindar hámarksstærðir þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á byggingarreitum A og B.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

  
Unnsteinn Gíslason

